

Skýrsla starfskjaranefndar Haga hf. Starfsárið 2025-2026

Stjórn Haga skipar starfskjaranefnd í framhaldi af aðalfundi sínum samkvæmt starfsreglum stjórnar. Starfskjaranefnd var skipuð Einari Erni Einarssyni, Eiríki S. Jóhannssyni og Jensínu K. Böðvarsdóttur.

Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir félagsstjórn og framkvæmdastjórn um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Nefndin skal jafnframt fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn Haga samþykkir starfsreglur starfskjaranefndar. Stjórn ber ábyrgð á störfum starfskjaranefndar og starfar nefndin í umboði stjórnar.

Starfskjaranefnd fundaði fjórum sinnum á tímabilinu. Á sínum fyrsta fundi var verkaskipting nefndarinnar ákveðin og starfsáætlun samþykkt, en hún var í megin atriðum að skoða eftirfarandi málefni:

- Starfskjarastefnu félagsins.
- Gera tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun, hlunnindi og önnur starfskjör stjórnar, forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra beint undir stjórn félagsins og forstjóra.
- Laun lykilstarfsmanna og stjórnenda.
- Jafnlaunavottun.
- Kaupréttarkerfi.
- Skoða þróun kjara- og mannauðsmála, þá sérstaklega með tilliti til jafnlaunamála.
- Meta áhættu sem starfskjaramál kunna að skapa fyrir félagið.
- Framkvæma mat á störfum nefndarinnar og starfsreglum nefndarinnar.

Núverandi kaupréttarkerfi Haga munu fljótlega renna sitt skeið á enda, en meirihluti allra útgefna kaupréttasamninga mun ávinnast að fullu í ágúst 2027. Í ljósi þess að kaupréttum hefur ekki verið úthlutað árlega mun sú staða koma upp, að öðru óbreyttu, að við ávinnslu á næsta ári hefur meirihluti lykilstjórnenda nýtt sína kauprétti að fullu og eru eftir það ekki með útistandi kauprétti í félaginu. Slíkar aðstæður geta skapað óvissu auk þess að gera Högum erfiðara um vik fyrir að halda í lykil starfsfólk sem og að laða að nýtt starfsfólk í því samkeppnisumhverfi sem nú er til staðar um starfsfólk í smásölu. Nefndin telur nauðsynlegt að fram fari umræða um að koma á ramma í kringum kaupréttarkerfi sem gefur stjórn heimild til að útdeila kaupréttum árlega og tryggja samfellu, þannig að ekki komi upp ár eða fjöldi ára þar sem engir kaupréttir ávinnast. Þetta væri í línu við þau kaupréttarkerfi sem best eru hönnuð, en þegar úthlutun er árleg tryggir það fyrirsjáanleika og að hagsmunir hluthafa og starfsmanna félagsins fari ávallt saman.

Starfskjaranefnd fór á fundum sínum yfir starfskjör stjórnar og nefndarmanna fyrir starfsárið 2025-2026 sem voru ákveðin á síðasta aðalfundi. Nefndin lagði fyrir stjórn neðangreinda tillögu að hækkan stjórnar- og nefndarlauna um u.þ.b. 3,5% sem samþykkt var í stjórn og lögð er fyrir aðalfund 2026.

Núverandi stjórnarlaun:

Stjórnarformaður 826.000 kr./mán.

Varaformaður 608.000 kr./mán.

Stjórnarmenn 413.000 kr./mán.

Tillaga að hækkan stjórnarlauna:

855.000

629.000

427.500

Núverandi nefndarlaun:

Formaður starfskjaranefndar 190.000 kr./mán.	197.000
Starfskjaranefndarmenn 95.000 kr./mán.	98.500
Formaður endurskoðunarnefndar 220.000 kr./mán.	228.000
Endurskoðurnarnefndarmenn 110.000 kr./mán.	114.000
Tilnefningarnefndarmenn 27.000 kr./klst.	28.000

Tillaga að hækkun nefndarlauna:

197.000
98.500
228.000
114.000
28.000

Starfskjaranefnd vill þakka Finni Oddssyni forstjóra og Guðrún Evu Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra fjármálasviðs fyrir einstaklega gott samstarf og vel unnin störf, svo og öðrum sem hafa starfað með nefndinni síðasta starfsárið.

Reykjavík, 14. apríl 2026

Jensína K. Böðvarsdóttir
formaður starfskjaranefndar

Einar Ö. Einarsson

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar

Undirritunarsíða

Eiríkur S Jóhannsson

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Einar Örn Einarsson